

*boenda*  
FERÐIR

## SÍÐSUMARSÆLA Í PORTOROŽ



**5. – 12. september 2024**

**Fararstjórn: Íris Sveinsdóttir**

Félag eldri borgara í Mosó  
Slóvenía | Króatía | Ítalía

## Ferðalýsing

Óviðjafnanleg náttúrufegurð, menning og slökun einkenna þessa skemmtilegu ferð sem byrjar á flugi til Feneyja þar sem gist verður eina nótt í nágrenni flugvallarins. Á leið okkar til Rósahafnarinnar eða **Portorož**, sem verður aðaláfangastaður ferðarinnar, skoðum við okkur um í hinum víðfrægu **Postojna dropasteinshellum** en umhverfi hellanna er mjög fallett. Við eigum ljúfar stundir í Portorož og höldum m.a. í **siglingu til Izola og Piran**, sem eru sannkallaðar perlur Istríastrandarinnar. Í Piran skoðum við minnismerki um fiðluleikarinn og tónskáldið Tartini og lítum á Georgskirkjuna sem stendur tignarleg á fallegum stað á ströndinni. Við höldum til yndislega listamannabæjarins **Rovinj** í Króatíu sem tekur á móti okkur í allri sinni dýrð og heimsækjum vínbónda í Pazin þar sem við snæðum léttan málsverð. Einnig verður komið til ítölsku hafnarborgarinnar **Trieste** þar sem einstakt andrúmsloftið ber keim af austurrískum, ungverskum og slóvenskum áhrifum.

**8 dagar | 7 nætur**

1 nótt í nágrenni Feneyja | 6 nætur Portorož



### 5. september | Flug til Feneyja

Brottför frá Keflavík kl. 14:45. Mæting í Leifstöð u.þ.b. 2,5 klst. fyrir brottför. Lending í Feneyjum kl. 21:05 að staðartíma. Ekið á hótél í nágrenni flugvallar þar sem gist verður fyrstu nóttina og létt kvöldsnarl bíður okkar.

### 6. september | Rósahöfnin & Postojna dropasteinshellarnir



Þá verður ekið til Portorož í Slóveníu eða Rósahafnarinnar svokölluðu, þar sem gist verður í sex nætur. Á leiðinni þangað verður komið til Postojna en þar eru hinir víðfrægu dropasteinshellar. Umhverfi hellanna er mjög fallett og hægt að skoða sig um í minjagripaverslunum eða kíkja á veitingastaði og kaffihús. Við tökum okkur góðan tíma til að kanna svæðið og njóta. Ferðin heldur því næst áfram til Portorož

sem tekur á móti okkur með sínum suðræna blæ.

### 7. september | Frjáls dagur í Portorož

Þennan dag ætlum við að njóta þess að vera á þessum fagra stað. Tilvalið er að nýta sér aðstöðu hótelsins til afslöppunar eða röltu um bæinn og skoða mannlífið.



## 8. september | Sigling til Piran & Izola

Haldið verður í siglingu til sjávarþorpanna Izola og Piran, sem eru sannkallaðar perlur Istríastrandarinnar. Í Izola stígum við örstutt í land en höldum svo ferðinni áfram til Piran, yndislegs bæjar sem áhugavert er að skoða. Þar fæddist fiðluleikarinn og tónskáldið Tartini en minnisvarði um hann stendur á hinu glæsilega Tartini torgi. Eins er gaman að skoða Georgskirkjuna, sem stendur tignarleg á fallegum stað á ströndinni.



## 9. september | Dagsferð til Rovinj í Króatíu & vínþóni

Á dagskránni í dag er heimsókn til Króatíu sem tekur á móti okkur í allri sinni dýrð. Við




ökum til Rovinj, yndislegs listamannabæjar við Istríaströndina en þar úti fyrir eru 22 eyjar, stærst þeirra er eyjan Sveta Katharina og sést hún vel frá gamla bænum. Við höldum í göngu upp að kirkju heilagrar Euphemiu en þaðan er glæsilegt útsýni yfir þessa litríku gömlu borg. Einnig munum við halda niður listamannagötuna og um elsta hluta bæjarins. Tími gefst til að kanna umhverfið og fá sér jafnvel svaladrykk. Á heimleiðinni verður komið við í Pazin þar sem við snæðum léttan málsverð hjá vínþóna.

## 10. september | Frjáls dagur

Nú eigum við aftur heilan dag til að njóta í rólegheitunum í þessum fallega bæ en einnig er dásamlegt er að ganga eftir strandlengjunni yfir til Piran ef áhugi er fyrir því að kynna sér þann bæ betur.

## 11. september | Dagur í Trieste á Ítalíu

Við ætlum í dag til fallegu hafnarborgarinnar Trieste á Ítalíu en hér má finna einstakt andrúmsloft sem ber keim af austurrískum, ungverskum og slóvenskum áhrifum. Í Trieste er til dæmis hægt að röltast að aðaltorginu, Piazza Unità d'Italia, og dást að stórbrotnum arkitektúr borgarinnar og að síkinu Canal Grande sem er einn mest myndandi staður borgarinnar enda afar sjarmerandi. Hér er líka gaman að setjast inn á eitt af sögulegum kaffihúsum borgarinnar en Trieste er þekkt fyrir einstaka kaffihúsamenningu og heimamenn drekka um tvöfalt meira kaffi en meðal Ítalinn.



## 12. september | Heimferð

Það er komið að heimferð og er stefnan tekin á Feneýjar. Brottför þaðan kl. 22:05 og landing í Keflavík kl. 00:40 að staðartíma.

Fararstjóri getur fært dagskrárliði á milli daga eftir þörfum þegar komið er á staðinn.



## Verð

**299.500 kr. á mann í tvíbýli** | 79.200 kr. aukagjald fyrir einbýli

## Innifalið

- ✓ Flug með Play og flugvallarskattar.
- ✓ Gisting í 2ja manna herbergi með baði.
- ✓ Morgun- og kvöldverður allan tímann á hótélum.
- ✓ Léttur hádegisverður í Pazin.
- ✓ Allar skoðunarferðir með rútu samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Íslensk fararstjórn.

## Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn í söfn, hallir og kirkjur.
- ✓ Kláfar eða stólalyftur upp á fjöll.
- ✓ Siglingar.
- ✓ Hádegisverðir aðrir en í Pazin.
- ✓ Vínsmökkun.
- ✓ Þjóf fé.



## Valfrjálst

- ✓ Postojna dropasteinshellar u.þ.b. € 23.
- ✓ Sigling til Piran og Izola u.þ.b. € 25.